

Gengið um Lágaskarð.

Fyrir nokkrum vikum birtist hér í blaðinu stutt lýsing á Dyravegi, sem nefnist gamla þjóðleiðin er liggur frá Nesjavöllum í Grafningi fyrir norðan og vestan Hengil allt suður að Húsmúla. Þar skiptust leiðir. Önnur lá til Reykjavíkur, en hin suður í Ölfus um Lágaskarð. Við förum þá leið að þessu sinni.

Frá Húsmúlanum lá leiðin upp að Stóra-Reykjafelli, þaðan um Lágaskarð milli Stórameitils og Lakahnúka, meðfram Lönguhlíð og til byggða í Ölfusi.

Að þessu sinni skulum við eiga rólega gönguferð fyrir höndum, feta í fótspor forfeðranna og röltu eftir hinni gömlu götu, sem um aldaraddir var ein aðalþjóðleiðin milli byggða og einna öruggusta leiðin fyrir þá sem að austan komu og höfðu farið yfir Ölfusá á ferju á Óseyrarnesi og ætluðu til Reykjavíkur, eða lengra t.d. vestur og norður.

Við ökum upp á brekkubrúnina fyrir vestan Skíðaskálann í Hveradölum og yfirgefum bílinn þar. Tökum síðan stefnuna á austurhlíð Stórmeitils sem blasir við framundan. Leiðin liggur í fyrstu upp á lága öldu en er þangað er komið sést skarðið vel. Landið umhverfis er allt meira og minna þakið hraunum sem hafa runnið eftir að ísöld lauk. Fjöllin öll úr móbergi og til orðin við gos undir Ísaldarjöklinum og því miklu eldri að árum. Gígarnir sjást enn í þessum fjöllum. Þarf ekki annað en líta vel í kring um sig til að sannfærast. T.d. eru tveir gígar í Stórareykjafelli, annar þeirra blasir við frá Kolviðarhóli, en í hinum stendur skíðaskálinn í Hveradölum og uppi á Stórmeitli er myndarlegur gígur. Það sjá þeir, sem þangað skreppa.

Meðfram Stórmeitli liggur gatan af og til á hraunklöppum. Þar skulum við ganga hægt, því margt er að skoða, ekki síst rásirnar, sem hófar hestanna hafa markað í klappirnar. Þessar rásir eru glögg sönnun fyrir hinni miklu umferð sem var á þessari leið fyrrum, þegar aðalhöfnin við suðurströndina var á Eyrarbakka og menn komu þangað víða að í viðskiptaerindum með langar lestir klyfjahesta, bæði til að selja afurðir og kaupa matvæli og ýmsa nytjahluti til búsinns, eða héldu áfram lengra t.d. í Selvog eða út með suðurströnd Reykjanesskagans allt til Grindavíkur, auk annarra ferðamanna, sem hér áttu leið um, allt frá örmustu förumönnum til ríkiláttra höfðingja. Við horfum á þögult vitni mikillar sögu, en því miður; steinarnir hafa ekkert mál.

Suður af Stórmeitli er Litlimeitill. Á milli þeirra kvos þakin hrauni. Þar á Eldborgarhraunið upptök sín. Í miðju hrauninu er gígurinn (Eldborg) og frá honum hefur þetta hraun runnið suður með Litlimeitli og Lönguhlíð allt niður í Ölfus.

Göturnar liggja austan við hraunið. Þar á milli hrauns og hlíða eru víða grösugar brekkur og notalegir áningarstaðir, en ekkert vatn ofan jarðar. Við tökum á okkur smá krók og göngum upp á Eldborgina. Sú ferð er erfiðisins virði, því gígurinn er bæði stór og fallega lagaður og mosinn, sem klæðir hann að innan svo þykkur og mjúkur, að við freistumst til að setjast í þessa dúnmjúku sæng og hvíla “lúin bein” meðan við festum þetta hrjúfa en heillandi umhverfi betur í huga okkar.

Stuttar og fallegar hrauntraðir liggja niður frá Eldborginni og að sjálfsögðu gngum við eftir þeim til enda. En þá tökum við stefnuna austur yfir hraunið á götuna og fylgjum henni eftir það suður á móts við Krossfjöllin. Þá erum við komin í nánd við akveginn og þar tekur bíllinn við okkur.

En þá er stutt eftir að Raufarhólshelli og mætti lengja þessa gönguferð, skreppa þangað og skoða fremsta hluta hellisins örlítið. Nokkur op er fremst á hellisþakinu svo birtan er nægileg, en innar er algjört myrkur og þá þurfa menn að hafa meðferðis bæði ljós og annan útbúnað, sem hentar helliferðum.

Frá Skíðasskálanum í Hveradölum að Raufahólshelli eru um 13 km. Engum sem á annað borð treystir sér til að leggja það land undir fót, sem ekki er hulið malbiki eða steinsteypu ætti að vera ofraun að ganga þá leið. Hún er þess virði.

(Mbl.16. ágúst 1981)